

Reykjavík, 25. nóvember 2015

Niðurstaða athugunar á innra eftirlitskerfi Landsbankans í tengslum við stórar áhættuskuldbindingar

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í október 2014 hjá Landsbankanum hf. á innra eftirlitskerfi bankans sem heldur utan um stórar áhættuskuldbindingar hans. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort framkvæmd bankans við skráningu tengdra aðila, utanumhald og eftirlit með þeim væri í samræmi við 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættum, reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2014 um mat á tengslum aðila vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar. Einnig voru skoðaðar innri reglur og verkferlar bankans vegna stórra áhættuskuldbindinga.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í október 2015 og eru þær byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna hinn 30. júní 2014.

Helstu niðurstöður athugunarinnar:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að framkvæmd, eftirfylgni og eftirlit Landsbankans með hópum tengdra viðskiptavina væri ekki í föstum skorðum og að vinnulag bankans væri ekki samræmi við skjalfest verklag bankans. M.a. taldi Fjármálaeftirlitið að ábyrgð á skráningu á hópi tengdra viðskiptavina væri óljós, að í því tölvukerfi sem Landsbankinn notaði fengist ekki fullnægjandi heildarmynd yfir hóp tengdra viðskiptavina, að skortur væri á að skráningar á tengingum og breytingar á fyrri skráningum væru rekjanlegar og að bankinn hefði ekki lagt fullnægjandi áherslu á fjárhagsleg tengsl við skráningu hópa tengdra viðskiptavina. Með hliðsjón af framansögðu taldi Fjármálaeftirlitið að innra eftirlitskerfi bankans vegna stórra áhættuskuldbindinga uppfyllti ekki 5. gr. reglna nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Landsbankinn hefði ekki uppfært upplýsingar um tiltekinn hóp tengdra viðskiptavina í skýrslu bankans um stórar áhættuskuldbindingar til eftirlitsins. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að einn viðskiptavinur hefði ekki verið rétt tengdur í kerfum bankans.